

**3381. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 16. ágúst 2019 og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1905069 - Keilufélag Akraness - fyrirspurn um framkvæmdir**

Endurnýjun brauta og vélbúnaðar Keilufélagsins, endurbætur á húsnæði o.fl.

*Bæjarráð (ELA og VLJ) felur bæjarstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.*

*Bókun RÓ:*

*Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins telur enn skynsamlegt að vísa beiðni Keilufélagsins til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2020. Einnig að mikilvægt sé að taka upp frekari samtal við Íþróttabandalag Akraness um forgangsröðun fjármuna þegar kemur að uppbyggingu íþróttamannvirkja og aðbúnað aðildafélaga innan bandalagsins í kjölfar beiðna sem þessarar.*

*Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins telur ekki skynsamlegt að fara út í rúmlega 20 milljóna króna framkvæmd á þessu ári þar sem ekki er gert ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun. Að finna fjárfestingunni stað í núverandi fjárhagsáætlun vegna frestunar á öðrum framkvæmdum telur fulltrúi Sjálfstæðisflokksins ekki faglega ráðstöfun því um útgjaldaaukningu er um að ræða þegar upp er staðið.*

*Ljóst er að framkvæmdin í heild fari í rúmar 40 milljónir sem leiðir til þess að búið er í raun að ráðstafa um 20 milljónum króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 áður en lagt verður af stað í fjárhagsáætlunarvinnu bæjarstjórnar. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins er ekki fylgjandi slíkum vinnubrögðum.*

**2. 1905299 - Bíóhöllin - rekstur**

Útboðsskilmálar lagðir fram til samþykktar.

*Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 11. júlí sl. og útboðsskilmálar samþykktir. Við frekari rýningu gagnanna var lögð til smávægileg en mikilvæg breyting og málið því tekið til afgreiðslu að nýju.*

*Bæjarráð samþykkir útboðsskilmála vegna reksturs Bíóhallarinnar og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**3. 1908104 - Starfshópur um Spöl 2.0**

Drög að erindisbréfi um stofnun starfshóps um Spöl 2.0. Markmið hópsins er fyrst um sinn að kanna laga- og pólitískt umhverfi í tengslum við að búa til svokallaða innheimtugátt þegar kemur að veggjöldum, sektargreiðslum, rekstur bílastæðasjóða o.fl.

*Bæjarráð samþykkir stofnun og erindisbréf starfshópsins.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**4. 1904107 - Búnaðar- og áhaldakaup (tækjakaupasjóður) 2019**

Umsókn frá Leikskólanum Vallarsel í tækjakaupasjóð. Óskað er eftir viðbótarfjármagni til kaupa á öryggisstólum og borðfótum samtals kr. 667.500.

*Bæjarráð samþykkir erindið um kaup á húsbúnaði vegna þarfa yngstu nemenda leikskólans, samtals að fjárhæð kr. 668.000 og er ráðstöfuninni mætt með úthlutun úr tækjakaupasjóði 20830-4660 og fært á deild 04120-4660.*

**5. 1908003 - Faxaflóahafnir - breyting á reglugerð**

Erindi Faxaflóahafna um tillögu að breytingu á reglugerð Faxaflóahafna sf. Óskað er eftir umsögn Akraneskaupstaðar.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og að vinna drög að umsögn. Gert er ráð fyrir að fulltrúar Faxaflóahafna mæti á næsta fund bæjarráðs þann 29. ágúst nk.*

**6. 1903120 - Faxaflóahafnir sf. - aðalfundur 2019/ arður**

Tilkynning frá Faxaflóahöfnum um arðgreiðslu.

*Lagt fram.*

**7. 1809190 - Spölur / Hvalfjarðargöng - yfirtaka ríkisins og afnám gjalddöku, útgreiðsla hlutafjár og arðs**

Tilkynning frá Speli ehf. um útgreiðslu hlutafjár og arðs til hluthafa.

*Lagt fram.*

**8. 1907124 - Skagakaffi Kirkjubraut 2 - rekstrarleyfi**

Sýslumaðurinn á Vesturlandi óskar eftir umsögn vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Gypsey ehf. til að reka kaffihúsið Skagakaffi að Kirkjubraut 2, þar sem áður var kaffihúsið Lesbókin.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemd við umsókn nýs rekstraraðila með fyrirvara um jákvæðar umsagnir byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.*

**9. 1907015 - Ólympíuleikar í stærðfræði - styrkumsókn**

Umsókn Andra Snæ Axelssonar um styrk vegna ferðakostnaðar við þátttöku sína í ólympíuleikum í stærðfræði.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**10. 1907139 - Villikettir á Vesturlandi - umsókn um húsnæði og fjárstyrk**

Erindi frá Villikattafélagi Vesturlands þar sem leitað er eftir þátttöku Akraneskaupstaðar er varðar starfsemi félagsins. Óskað er eftir húsnæði og fjárstyrk fyrir starfsseminu.

*Bæjarráð hafnar erindinu en núverandi húsnæðisaðstæður dýraeftirlits Akraneskaupstaðar bjóða ekki upp á samstarfsflöt af þessum toga.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.**

*Lisa Lára Arnardóttir.*

*Rakel Óskundóttir  
Sem Fray Þórisson*

*Valgerður L. Jóna*